

Reglur um notkun öryggismyndavélakerfa Menntaskólans á Egilsstöðum

Öryggismyndavélakerfi á vegum skólans er í heimavistar- og þjónustuálmu skólans.

Sérstakt öryggismyndavélakerfi er í kennsluhúsi skólans.

Tilgangur vöktunar með öryggismyndavélum er eignavarsla og eftirlit með húsakynnum skólans, sér í lagi þegar gæslufólk er ekki í húsakynnum.

Eftirfarandi reglur gilda um notkun kerfanna:

- Notkun skal ávallt vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (77/2000 með áorðnum breytingum), reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga og reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun.
- Við útidyr skulu ávallt vera merkingar sem kunngjöra að húsnæðið sé vakt með öryggismyndavélum.
- Myndefni er varðveitt í allt að 90 daga.
- Skólameistari einn hefur heimild til að skoða upptökur frá. Aðgangur að öryggismyndavélakerfi skal varinn með aðgangs- og leyniorðakerfi sem skólameistari ber ábyrgð á.
- Beiðni um leit í upptökum myndavélakerfis skal komið á framfæri við skólameistara og skal tilgreina tilefni og tímörk umbeðinnar leitar.
- Haldin skal gerðabók þar sem fram kemur hvenær eldra myndefni er skoðað, af hvaða tilefni það er gert og hver biður um það. Niðurstöður leitar skulu skráðar í gerðabókina.
- Íbúum heimavistar skal gerð grein fyrir reglum þessum á fundum þeirra með skólameistara og húsfreyju við upphaf hvernar annar.
- Öryggismyndavélar á herbergisgöngum heimavistar eru ekki tengdar nema fyrir liggja skriflegt samþykki allra íbúa á viðkomandi gangi.
- Myndavélakerfi vistarhúss skal stillt þannig að ekki sé unnt að fylgjast með herbergisgöngum á rauntíma.

Vistarráð 28.04.2011, Skólaráð 04.05.2011